



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

17. september 2020

Mál nr. E-3256/2018:

Stefnandi: M

*(Anna Lilja Sigurðardóttir lögmaður)*

Stefndi: A ehf.

*(Ragnar Árnason lögmaður)*

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 17. september 2020, í máli nr. E-3256/2018:

**M**

*(Anna Lilja Sigurðardóttir lögmaður)*

**gegn**

**A ehf.**

*(Ragnar Árnason lögmaður)*

Þetta mál, sem var tekið til dóms 8. september 2020, höfðar M, kt. [...], nú búsettur í [...], með stefnu birtri 4. október 2018 á hendur A ehf., kt. [...], H-vegi, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.255.446 kr., ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 32.868 kr. frá 1. febrúar 2014 til 1. mars 2014, af 58.995 kr. frá þeim degi til 1. apríl 2014, af 94.359 kr. frá þeim degi til 1. maí 2014, af 122.791 kr. frá þeim degi til 1. júní 2014, af 161.580 kr. frá þeim degi til 1. júlí 2014, af 196.630 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2014, af 224.287 kr. frá þeim degi til 1. september 2014, af 252.360 kr. frá þeim degi til 1. október 2014, af 264.837 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 2014, af 300.996 kr. frá þeim degi til 1. desember 2014, af 336.523 kr. frá þeim degi til 1. janúar 2015, af 371.728 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 2015, af 392.087 kr. frá þeim degi til 1. mars 2015, af 427.451 kr. frá þeim degi til 1. apríl 2015, af 463.610 kr. frá þeim degi til 1. maí 2015, af 484.311 kr. frá þeim degi til 1. júní 2015, af 519.445 kr. frá þeim degi til 1. júlí 2015, af 538.577 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015, af 551.451 kr. frá þeim degi til 1. september 2015, af 570.304 kr. frá þeim degi til 1. október 2015, af 585.192 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 2015, af 601.082 kr. frá þeim degi til 1. desember 2015, af 612.505 kr. frá þeim degi til 1. janúar 2016, af 621.305 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 2016, af 627.802 kr. frá þeim degi til 1. mars 2016, af 651.500 kr. frá þeim degi til 1. apríl 2016, af 668.824 kr. frá þeim degi til 1. maí 2016, af 692.708 kr. frá þeim degi til 1. júní 2016, af 731.012 kr. frá þeim degi til 1. júlí 2016, af 746.991 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2016, af 786.082 kr. frá þeim degi til 1. september 2016, af 831.709 kr. frá þeim degi til 1. október 2016, af 858.515 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 2016, af 890.255 kr. frá þeim degi til 1. desember 2016, af 911.570 kr. frá þeim degi til 1. janúar 2017, af 948.130 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 2017, af 998.225 kr. frá þeim degi til 1. mars 2017, af 1.047.920 kr. frá þeim degi til 1. apríl 2017, af 1.082.625 kr. frá þeim degi til 1. maí 2017, af 1.105.740 kr. frá þeim degi til 1. júní 2017 og af 1.255.446 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst einnig málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, svo og málskostnaðar úr hendi hans.

### **Málsatvik**

Í þessu máli deila málsaðilar um það undir hvaða kjarasamning starf stefnanda fellur svo og hvort starf hans verði skilgreint sem vaktavinna.

Stefndi er fyrirtæki sem leigir ferðamönnum bifreiðar undir vörumerkjunum A og B. Stefndi réð stefnanda til starfa árið 2011 og starfaði hann við að þrifa bíla hjá stefnda til loka júlí 2017 þegar honum var sagt upp vegna ófaglegrar framkomu við samstarfsmenn. Að sögn stefnda vann stefnandi frá upphafi á vöktum enda sé starfsemi stefnda þannig að sinna þurfi ferðamönnum alla daga vikunnar. Vaktir hafi verið skipulagðar frá kl. 08:00 til 18:00 alla daga.

Árið 2015 fékk stefnandi stöðuhækkun og varð vaktstjóri yfir þvottastöðvum í Reykjavík í fullu starfi. Í tilefni af því var gerður við hann nýr ráðningarsamningur 25. júlí 2016 sem tilgreindi launakjör sem tóku gildi frá og með 25. júní 2016. Samningurinn var á ensku. Umsaminn vinnutími var alla virka daga frá kl. 8:00 til 18:00. Undir launakafla ráðningarsamningsins var tímakaup stefnanda tilgreint 1.712 kr. í dagvinnu, 2.277 kr. fyrir svokallað „late work 33%“, 2.482 kr. fyrir svokallað „late work 45%“ og 3.082 kr. fyrir yfirvinnu (overtime). Í ráðningarsamningnum var tilgreint að önnur atriði færu eftir ákvæðum kjarasamnings Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins.

Stefndi lítur svo á að launa- eða vinnufyrirkomulagið hafi ekki breyst, áfram hafi verið greitt vaktaálag 33% og 45% fyrir vinnu á álagstímabilum samkvæmt kjarasamningi. Stefnandi hafi einnig fengið greitt svokallað „umsjónarálag“.

Stefnandi leitaði til Eflingar-stéttarfélags í júní 2017 þar eð hann taldi stefnda ekki greiða sér rétt laun. Í byrjun júlí 2017 fékk hann áminningu fyrir óviðunandi framkomu á vinnustaðnum. Eftir að stéttarfélagið hafði farið yfir launaseðla stefnanda taldi það að stefndi greiddi laun vegna yfirvinnu ekki í samræmi við gildandi ráðningarsamning. Stéttarfélagið sendi stefnda því launakröfu 28. júní 2017 og skoraði á stefnda að greiða stefnanda rétt laun. Lögmaður stefnda svaraði 1. september 2017 að stefnandi hefði upphaflega verið ráðinn í vaktavinnu hjá stefnda og eftir að hann hefði hætt í vaktavinnu hefði hann áfram fengið greitt sérstakt vaktaálag. Stefndi óskað eftir því að stéttarfélagið endurskoðaði kröfuna. Með tölvupósti Eflingar-stéttarfélags 12. september 2017 var krafan rökstudd og ítrekuð. Þar eð stefndi brást ekki við þeim tölvupósti var krafan afhent lögmanni stéttarfélagsins til frekari innheimtu með bréfi

dags. 20. september 2017. Með tölvupósti lögmanns stefnanda dags. 16. nóvember 2017 voru sjónarmið Eflingar-stéttarfélags ítrekuð. Lausn náðist ekki á ágreiningi aðila og höfðaði stefnandi þá þetta mál.

## Málsástæður og lagarök stefnanda

### Leiðrétting yfirvinnutaxta

Stefnandi krefst greiðslu vangoldinna yfirvinnulauna frá ársbyrjun 2014 og til starfsloka stefnanda. Krafan byggist á þeirri meginreglu vinnuréttar að atvinnurekanda sé skylt að greiða starfsmanni sínum rétt laun fyrir alla vinnu sem hann innir af hendi. Samkvæmt ráðningarsamningi og launaseðlum hafi yfirvinna verið greidd með þrens konar álagi sem hafi verið þannig við starfslok stefnanda:

Dagvinna	33% álag	45% álag	Yfirvinna
1.712 kr.	2.780 kr.	3.031 kr.	3.762 kr.

Stefnandi byggir á því að greiðsla þess álags sem stefndi greiddi á dagvinnu-kaup í stað greiðslu samkvæmt yfirvinnutaxta fari í bága við ákvæði gildandi kjarasamnings og teljist ógilt samkvæmt 1. gr. starfskjaralaga nr. 55/1980. Gildandi kjarasamningur geri ekki ráð fyrir greiðslu vaktaálags fyrir það starf sem stefnandi sinnti hjá stefnda. Engin sérákvæði, sem heimili greiðslu vaktaálags fyrir starf stefnanda, séu í kjarasamningnum, en greiðsla vaktaálags sumra starfsgreina byggist á slíkum sérákvæðum, sbr. t.d. ákvæði 15.4 sem varðar sérþjálfaða byggingastarfsmenn, 17.7 sem varðar hópþreifreiðastjóra. og 20.4.4 sem varðar iðnverkafólk. Þá hafi ákvæðum 5. kafla kjarasamningsins ekki verið fylgt.

Óumdeilt sé að kjör starfsmanna sem vinna við að þrifa bifreiðar á bílaleigum fara eftir kjarasamningi Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins vegna vinnu á félagssvæði þeirra stéttarfélaga sem að Flóabandalaginu standa, en meðal þeirra sé Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Stéttarfélag Vesturlands. Stefnandi vísar til laga Eflingar-stéttarfélags og gildandi kjarasamnings. Sama gildi eftir atvikum um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands vegna aðildarfélaga sambandsins við Samtök atvinnulífsins hvað varðar vinnu á félagssvæði annarra stéttarfélaga en þeirra sem talin hafa verið upp og aðild eiga að Starfsgreinasambandi Íslands.

Stefndi hafi ákveðið að haga launagreiðslum sínum til stefnanda eins og gert var og í andstöðu við þær kröfur sem leiddar verði af kjarasamningi. Allan vafa verði að túlka stefnda í óhag. Líta verði svo á að stefnandi eigi rétt til greiðslu 80% yfirvinnuálags á alla yfirvinnutíma eins og meginregla gildandi kjarasamnings geri ráð fyrir, sbr. ákvæði 1.7.

Stefnandi vísar sérstaklega til 2. mgr. í ákvæði 1.7.1 þar sem segir: um útreikn-

ing á yfirvinnulaunum fer skv. ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi yfirvinnutímakaup verið greitt með 80% álagi á umsamið dagvinnutímakaup. Samkvæmt launaseðlum vegna alls starfstíma stefnanda hafi yfirvinna verið greidd með 80% álagi á dagvinnutímakaup. Því verði að líta svo á að umsamið yfirvinnuálag hafi verið 80% á dagvinnutímakaup og öll vinna á yfirvinnutímabili hafi átt að greiðast með því álagi. Yfirvinnutímakaup stefnanda hafi átt að vera þannig á starfstíma hans hjá stefnda:

Júní til ágúst 2013	2.260 kr.
September 2013 til febrúar 2014	2.350 kr.
Mars 2014 til apríl 2015	2.434 kr.
Máí 2015	2.677 kr.
Júní 2015 til janúar 2016	2.763 kr.
Febrúar til júní 2016	2.934 kr.
Júlí 2016	3.082 kr.
Ágúst til október 2016	3.226 kr.
Nóvember 2016 til apríl 2016	3.600 kr.
Máí 2016	3.762 kr.

Samkvæmt ákvæði 2.2.1 hefst samningsbundin yfirvinna þegar lokið sé umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á tímabilinu kl. 7:00 til kl. 17:00 mánudaga til föstudaga. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum frídögum greiðist yfirvinnukaup.

Við útreikning kröfunnar sé fjöldi þeirra tíma sem greitt var fyrir með vaktaálagi samkvæmt launaseðlum margfaldaður með mismun á réttu yfirvinnuálagi (þ.e. 80% álagi á dagvinnutímakaup eins og það var á hverjum tíma skv. launaseðlum) og áður greiddu vaktaálagi skv. launaseðlum. Vangoldin laun vegna yfirvinnu nemi samtals 1.139.553 kr. eins og sundurliðað verði.

Stefnandi krefjist orlofs, 10,17%, á vangreidd laun. Krafa byggist á ákvæðum laga nr. 30/1987 um orlof og 4. kafla aðalkjarasamnings Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Krafa um orlof nemi 115.893 kr.

Krafa stefnanda fyrir vangoldna yfirvinnu sundurliðast þannig:

<b>Árið 2014</b>					
	Janúar	6,75 klst.	* 613,4 kr.	4.140	
		63 klst.	* 456 kr.	28.728	
Samtals					32.868
	Febrúar	11 klst.	* 613,4 kr.	6.747	
		42,5 klst.	* 456 kr.	19.380	
Samtals					26.127

	Mars	8,75 klst.	* 636 kr.	5.565	
		63 klst.	* 473 kr.	29.799	
Samtals					35.364
	Apríl	9,75 klst.	* 636 kr.	6.201	
		47 klst.	* 473 kr.	22.231	
Samtals					28.432
	Maí	8 klst.	* 636 kr.	5.088	
		71,25 klst.	* 473 kr.	33.701	
Samtals					38.789
	Júní	9 klst.	* 636 kr.	5.724	
		62 klst.	* 473 kr.	29.326	
Samtals					35.050
	Júlí	12,25 klst.	* 636 kr.	7.791	
		42 klst.	* 473 kr.	19.866	
Samtals					27.657
	Ágúst	9 klst.	* 636 kr.	5.724	
		47,25 klst.	* 473 kr.	22.349	
Samtals					28.073
	September	4 klst.	* 636 kr.	2.544	
		21 klst.	* 473 kr.	9.933	
Samtals					12.477
	Október	10 klst.	* 636 kr.	6.360	
		63 klst.	* 473 kr.	29.799	
Samtals					36.159
	Nóvember	9,75 klst.	* 636 kr.	6.201	
		62 klst.	* 473 kr.	29.326	
Samtals					35.527
	Desember	8,5 klst.	* 636 kr.	5.406	
		63 klst.	* 473 kr.	29.799	
Samtals					35.205
<b>Árið 2015</b>					
	Janúar	3,75 klst.	* 636 kr.	2.385	
		38 klst.	* 473 kr.	17.974	
Samtals					20.359
	Febrúar	8,75 klst.	* 636 kr.	5.565	
		63 klst.	* 473 kr.	29.799	

Samtals					35.364
	Mars	10 klst.	* 636 kr.	6.360	
		63 klst.	* 473 kr.	29.799	
Samtals					36.159
	Apríl	8,75 klst.	* 636 kr.	5.565	
		32 klst.	* 473 kr.	15.136	
Samtals					20.701
	Maí	10 klst.	* 700 kr.	7.000	
		54 klst.	* 521 kr.	28.134	
Samtals					35.134
	Júní	9,75 klst.	* 723 kr.	7.049	
		22,5 klst.	* 537 kr.	12.083	
Samtals					19.132
	Júlí	10,75 klst.	* 723 kr.	7.772	
		9,5 klst.	* 537 kr.	5.102	
Samtals					12.874
	Ágúst	8,25 klst.	* 723 kr.	5.965	
		24 klst.	* 537 kr.	12.888	
Samtals					18.853
	September	10,75 klst.	* 723 kr.	7.772	
		13,25 klst.	* 537 kr.	7.115	
Samtals					14.887
	Október	19,75 klst.	* 723 kr.	14.279	
		3 klst.	* 537 kr.	1.611	
Samtals					15.890
	Nóvember	14,5 klst.	* 723 kr.	10.484	
		1,75 klst.	* 537 kr.	940	
Samtals					11.424
	Desember	10,5 klst.	* 723 kr.	7.592	
		2,25 klst.	* 537 kr.	1.208	
Samtals					8.800
<b>Árið 2016</b>					
	Janúar	7,5 klst.	* 723 kr.	5.423	
		2 klst.	* 537 kr.	1.074	
Samtals					6.497
	Febrúar	30,75 klst.	* 766 kr.	23.555	

		0,25 klst.	* 570 kr.	143	
Samtals					23.698
	Mars	21,5 klst.	* 766 kr.	16.469	
		1,5 klst.	* 570 kr.	855	
Samtals					17.324
	Apríl	22,25 klst.	* 766 kr.	17.044	
		12 klst.	* 570 kr.	6.840	
Samtals					23.884
	Maí	26,75 klst.	* 766 kr.	20.491	
		31,25 klst.	* 570 kr.	17.813	
Samtals					38.304
	Júní	19 klst.	* 766 kr.	14.554	
		2,5 klst.	* 570 kr.	1.425	
Samtals					15.979
	Júlí				
		28,25 klst.	* 805 kr.	22.741	
		27,25 klst.	* 600 kr.	16.350	
Samtals					39.091
	Ágúst	35,5 klst.	* 843 kr.	29.927	
		25 klst.	* 628 kr.	15.700	
Samtals					45.627
	September	29,75 klst.	* 843 kr.	25.079	
		2,75 klst.	* 628 kr.	1.727	
Samtals					26.806
	Október	32,25 klst.	* 843 kr.	27.187	
		7,25 klst.	* 628 kr.	4.553	
Samtals					31.740
	Nóvember	21 klst.	* 940 kr.	19.740	
		2,25 klst.	* 700 kr.	1.575	
Samtals					21.315
	Desember	32,75 klst.	* 940 kr.	30.785	
		8,25 klst.	* 700 kr.	5.775	
Samtals					36.560
<b>Árið 2017</b>					
	Janúar				
		41,75 klst.	* 940 kr.	39.245	

		15,5 klst.	* 700 kr.	10.850	
Samtals					50.095
	Febrúar	34,25 klst.	* 940 kr.	32.195	
		25 klst.	* 700 kr.	17.500	
Samtals					49.695
	Mars	25,75 klst.	* 940 kr.	24.205	
		15 klst.	* 700 kr.	10.500	
Samtals					34.705
	Apríl	11 klst.	* 940 kr.	10.340	
		18,25 klst.	* 700 kr.	12.775	
Samtals					23.115
	Maí	25,5 klst.	* 982 kr.	25.041	
		12 klst.	* 731 kr.	8.772	
Samtals					33.813

Samanlögð ógreidd yfirvinna	1.139.553
Orlof af yfirvinnu 1.139.553 kr. * 10,17%	<u>115.893</u>
Samanlögð ógreidd yfirvinna ásamt orlofi	<b>1.255.446</b>

Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið félagsmaður Eflingar-stéttarfélagis á því tímabili þegar krafa hans stofnaðist. Hann vísar til þeirrar meginreglu vinnu-, kröfu- og samningaréttar að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta skv. gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Vegna réttinda hans sé aðallega vísað til 1., 2., 3., 4. og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Jafnframt sé vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., aðallega 1. gr., laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7., og 8. gr., og laga nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla aðrar samningsskyldur sínar. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningum sé greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um sönnun er jafnframt vísað til stjórnunarréttar stefnda og þess að hann er bókhaldsskyldur að lögum.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. og V. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé honum því nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991.

## Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi greitt stefnanda full laun samkvæmt ráðningarsamningi og þau kjör hafi verið hagstæðari en kjarasamningur geri kröfu um. Stefndi eigi því engar frekari kröfur á hendur stefnda.

Stefndi byggir á því að þeir starfsmenn hans sem veiti þjónustu vegna bifreiðanna taki flestir kjör samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar vegna veitinga- og gistihúsa og hliðstæðrar starfsemi. Gildissvið hans sé mun rýmra en heitið beri með sér því skv. grein 1.1 um gildissvið taki hann „til vinnu félagsmanna Eflingar – stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á veitinga-, gisti- þjónustu- og greiðasölustöðum, í afþreyingarfyrirtækjum og við hliðstæða starfsemi.“

Eins og ráða megi af gildissviði sammingsins taki hann til velflestra fyrirtækja í ferðaþjónustu, þar með talið afþreyingarfyrirtækja. Stefndi falli í þann flokk og því sé ekkert því til fyrirstöðu að kjör starfsmanna stefnda fari eftir þeim kjarasamningi.

Í 3. kafla kjarasammingsins sé kveðið á um vaktavinnu. Samkvæmt grein 3.1.1 sé heimilt að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar. Samkvæmt grein 3.2.1 sé greitt 33% álag á dagvinnukaup ef unnið er á tímabilinu kl. 17:00 til 24:00 mánudaga til föstudaga og 45% álag fyrir vinnu á tímabilinu 00:00 til 08:00 alla daga svo og um helgar. Fyrir vinnu umfram 40 klst. að meðaltali á viku sé greitt yfirvinnukaup.

Á því tímabili sem krafa stefnanda taki til, þ.e. október 2014 til starfsloka í júlí 2017, hafi tímakaup stefnanda verið sem hér segi, samanborið við kauptaxta kjarasammings SA og Eflingar vegna ferðaþjónustu:

### Tímakaup 2014 til 30. apríl 2015

Tímakaup skv. kjarasamningi, 6. lfl. e. 3 ár.

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.238,07	2.211,46	408,56	557,13

Tímakaup stefnanda:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.352	2.434	446	609

### Tímakaup frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015

Tímakaup skv. kjarasamningi, 6. lfl. e. 3 ár.

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.393,67	2.489,40	459,91	627,15

Tímakaup stefnanda frá 1. maí 2015:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.487	2.677	490	669

Tímakaup stefnanda frá 1. júní 2015:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.535	2.763	507	691

**Tímakaup frá 1. janúar 2016 – 30. apríl 2017**

Tímakaup skv. kjarasamningi, 6. lfl. e. 3 ár.

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.480,88	2.645,17	488,69	666,40

Tímakaup stefnanda frá 1. janúar 2016:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.630	2.934	538	734

Tímakaup stefnanda frá 1. júlí 2016:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.712	3.082	565	770

Tímakaup stefnanda frá 1. ágúst 2016:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.792	3.226	591	806

Tímakaup stefnanda frá 1. ágúst 2016:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
2.000	3.600	660	900

**Tímakaup frá 1. maí 2017**

Tímakaup skv. kjarasamningi, 6. lfl. e. 5 ár.

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
1.558,39	2.783,63	514,27	701,28

Tímakaup stefnanda frá 1. maí 2017:

Dagvinna	Yfirvinna	33% álag	45% álag
2.090	3.762	690	941

Þessi samanburður sýni að kjör stefnanda hafi verið umtalsvert betri en lágmarkskjör þess kjarasamnings sem stefndi hafi miðað við. Af því sé ljóst að stefnandi eigi engar frekari kröfur á hendur stefnda.

Verði fallist á þá málsástæðu stefnanda að miða eigi kjör hans við annan kjarasamning, þ.e. almennan kjarasamning SA og Eflingar, byggji stefndi á því að umsamin kjör stefnanda skv. ráðningarsamningi, eins og þau birtast á launaseðlum, hafi verið mun hagstæðari en lágmarkskjör þess kjarasamnings.

Stefndi byggir á því að starf stefnanda geti fallið undir 22. kafla þess samnings um vinnu við ræstingastörf, enda hafi stefnandi unnið við þrif á starfstíma sínum. Samkvæmt grein 22.5.2 í þeim samningi sé heimilt að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar og sé vaktaálag það sama og stefndi miðaði við, 33% og 45%, sbr. grein 22.5.3. Stefndi hafi greitt stefnanda hærra tímakaup en krafist sé við ræstingar og geti stefnandi því ekki gert frekari kröfur.

Verði ekki fallist á að 22. kafli almenns kjarasamnings SA og Eflingar eigi við og tekið undir málflutning stefnanda um að starfsheiti hans finnist ekki í kjarasamningi byggji stefndi á því að miða skuli samanburð við launaflokk 2 í þeim samningi, þ.e. „störf ótalin annars staðar“. Stefndi leggi fram samanburð á mánaðarlaunum skv. launaflokk 2 í almennum kjarasamningi og umsömdum launum stefnanda. Kjör stefnanda hafi í öllum mánuðum verið mun hagstæðari en lágmarkskjör kjarasamnings. Því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi byggir hins vegar á því að taka eigi einungis tvo taxta af fjórum umsömdum töxtum samkvæmt ráðningarsamningi, þ.e. annars vegar dagvinnutaxta og hins vegar yfirvinnutaxta. Stefndi hafnar þeirri kröfu stefnanda að hægt sé að taka einungis hluta launaliða og horfa fram hjá þeim kjörum sem stefndi hafi samið um við stefnanda og byggðust á tilteknu launa- og vinnuskipulagi. Líta verði til kjara í heild.

Fjárfrafa stefnanda miðist við að teknir séu þeir tímar sem voru greiddir með vaktaálagi og þeir reiknaðir eins og stefnandi hefði átt rétt á yfirvinnutaxta þess í stað í jafn marga tíma. Með þessari aðferð leitist stefnandi við að tína til bestu bitana í ráðningarsamningnum í stað þess að líta á ráðningarkjörin í heild. Hann horfi fram hjá vaktavinnukerfinu og því hvernig tímar reiknist í vaktavinnu. Með túlkun stefnanda sé krafist greiðslu mun fleiri yfirvinnutíma en stefnandi eigi í raun rétt til ef vinnutími hans er reiknaður samkvæmt þeim kjarasamningi sem stefnandi byggir á.

Samkvæmt þeim kjarasamningi sem stefndi byggir á reiknist yfirvinna þegar starfsmaður hafi unnið 40 klst. að meðaltali í vaktavinnu. Stefndi leggi einnig fram tímaskráningu stefnanda. Þær sýni að yfirvinnutímar reiknist þegar fullri dagvinnu hafi verið náð innan launatímabils, frá 25. degi fyrri mánaðar til 24. dags greiðslumánaðar, óháð því hvort vinnan var innt af hendi á dagvinnutímabili eða utan þess.

Stefndi leggi fram skjal þar sem vinnutíma stefnanda samkvæmt tímaskýrslum sé stillt upp miðað við ákvæði þess kjarasamnings sem stefnandi byggir á. Samanburður sýni að stefnandi krefji stefnda um þá yfirvinnu sem hann hafi reiknað í stað vaktálagsstunda til viðbótar við alla þá yfirvinnu sem stefnandi hafi fengið greidda á grundvelli vaktafyrirkomulags, sbr. launaseðla, og hefði einungis að hluta komið til greiðslu ef vinna hans hefði verið reiknuð skv. þeim kjarasamningi sem stefnandi krefjist að verði lagður til grundvallar.

	Launa- seðill	Unnin yfirvinna skv. tímaskýrslum	Krafa stefnanda um greidda yfirvinnutíma
<b>Árið 2014</b>			
	10	118,00	169,67 (73,00+96,67)
	11	109,75	128,17 (71,75+56,42)
	12	93,50	91,67 (71,50+20,17)
<b>Árið 2015</b>	1	66,25	84,67 (41,75+42,92)
	2	95,50	107,92 (71,75+36,17)
	3	88,00	99,67 (73,00+26,67)
	4	74,50	98,92 (40,75+58,17)
	5	73,25	91,92 (64,00+27,92)
	6	53,75	104,42 (32,25+72,17)
	7	49,00	40,75 (20,25+20,50)
	8	70,25	107,17 (32,25+74,92)
	9	64,00	104,42 (24,00+80,42)
	10	37,75	25,92 (22,75+ 3,17)
	11	39,00	59,92 (16,26+43,67)
	12	28,75	42,67 (12,75+29,92)
<b>Árið 2016</b>	1	23,25	37,42 ( 9,50+27,92)
	2	42,00	85,00 (31,00+54,00)
	3	24,00	45,00 (23,00+22,00)
	4	43,75	70,25 (34,25+36,00)
	5	48,75	98,00 (58,00+40,00)
	6	22,50	21,50 (21,50+ 0,0 )
	7	90,50	125,75 (55,50+70,25)
	8	51,50	120,00 (60,50+59,50)
	9	43,50	79,50 (32,50+47,00)
	10	42,75	58,75 (39,50+19,25)

	11	33,25	81,50 (23,25+58,25)
	12	41,00	41,00 (41,00+ 0,0 )
<b>Árið 2017</b>	1	64,00	85,25 (57,25+28,00)
	2	75,75	133,50 (59,25+74,25)
	3	51,00	79,25 (40,75+38,50)
	4	33,00	29,25 (29,25+ 0,0 )
	5	47,50	80,50 (37,50+43,00)

Til þess að skýra kröfu stefnanda megi taka dæmi:

Ef hann hefði unnið fjóra virka daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga, í vaktavinnu, 10 klst. í senn frá 08:00 til 18:00, 40 klst. á viku að jafnaði, hefði hann með þeirri vinnu uppfyllt vinnuskyldu sína.

Í hverri viku séu 4 klst. greiddar með 33% vaktaálagi vegna vinnu frá kl. 17:00 til 18:00. Ef hann ynni til viðbótar 8 klst. á föstudegi væri greidd yfirvinna.

Krafa stefnanda gangi út á að breyta 33% álagstímum yfir í yfirvinnu og því eigi að greiða þessa viku með 36 dagvinnutímum og 12 yfirvinnutímum, jafnvel þótt einungis ætti að greiða 8 klst. í yfirvinnu fyrir þessa 48 klst. vinnuviku væri hún greidd samkvæmt ákvæðum þess kjarasamnings sem stefnandi byggir kröfu sína á.

Framsetning stefnanda á dómkröfum eigi sér enga stoð í þeim kjarasamningi sem hann byggir kröfur sínar á. Jafnvel þótt stuðst væri við umsamið yfirvinnutíma-kaup í ráðningarsamningi, eins og stefnandi geri, og fjöldi yfirvinnutíma leiðréttur hafi kjör stefnanda á tímabilinu engu að síður verið hagstæðari en leiðréttar kröfur, eins og útreikningar stefnda sýni.

Stefndi áréttar að stefnan hafi verið birt 4. október 2018 og því séu launakröfur sem féllu í gjalddaga fyrir 4. október 2014 fyrndar. Það séu laun fyrir mánuðina janúar til september 2014, sem nemi samanlagt 264.837 kr. auk orlofs. Stefndi krefst sýknu af þessum hluta dómkrafna.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 130. og 131. gr. Að mati stefnda er málshöfðun þessi bersýnilega tilefnislaus og sé eðlilegt að líta til þess við ákvörðun málskostnaðar.

## Niðurstaða

Áður en þetta mál kom fyrir dóm virtist ágreiningur málsaðila varða það eitt hvort greiða ætti vaktaálag eða yfirvinnulaun fyrir vinnu stefnanda umfram 40 stunda vinnuviku. Ekki virtist deilt um það eftir hvaða kjarasamningi kjör hans færu.

Ágreiningur málsaðila varðar það hvort laun og kjör stefnanda ráðist af almennum kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar eða hvort kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Eflingar vegna veitinga- og gistihúsa og hliðstæðrar starfsemi gildi um laun hans og kjör. Reynist það niðurstaðan að laun hans og kjör ráðist af almenna kjarasamningnum þarf að leysa úr því hvort starf hans falli undir 22. kafla þess samnings, sem fjallar um kjör þeirra sem vinna við ræstingu, eða hvort starfsheiti stefnanda finnist ekki í kjarasamningnum. Reynist það niðurstaðan þarf að leysa úr því eftir hvaða kafla skuli greiða honum laun fyrir yfirvinnu.

Stefnandi leiddi fyrir dóminn þrjú vitni, Sigurð Bessason fyrrum formann Eflingar og fyrrum starfsmann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Þóri Guðjónsson kjaramálafulltrúa Eflingar og fyrrum starfsmann Dagsbrúnar og Ragnar Ólason aðstoðarfrankvæmdastjóri Eflingar og settan sviðsstjóra kjaramála stéttarfélagins.

Í máli þeirra kom fram að stéttarfélagið Efling hefði verið stofnað úr nokkrum stéttarfélögum. Í fyrstu hafi einungis Verkamannafélagið Dagsbrún og Verkakvænnafélagið Framsókn sameinast 1997 og munu þá hafa heitið Dagsbrún og Framsókn – stéttarfélag. Árið 1998 sameinuðust þeim starfsmannafélagið Sókn og Félag starfsfólks í veitingahúsum og fékk sameinaða félagið nafnið Efling. Um áramót 1999 og 2000 sameinaðist Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík Eflingu. Allnokkru síðar, í janúar 2009, sameinaðist Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn Eflingu.

Sameining þessara stéttarféлага hafði þau áhrif að Efling varð samningsaðili við atvinnurekendur við gerð kjarasamninga um þær starfsgreinar sem áður tilheyrðu hverju stéttarfélagi um sig. Framkvæmdin varð sú að kjarasamningur Dagsbrúnar varð að svokölluðum aðalkjarasamningi og kjarasamningur Framsóknar varð að sérstökum ræstingakafla í aðalkjarasamningnum. Þegar Iðja sameinaðist Eflingu kom inn sérstakur kafli um iðnverkafólk. Eftir því sem þörf krafði voru settir í kjarasamninginn sérkaflar fyrir sérstakar starfsgreinar, svo sem um störf sérþjálfara byggingarstarfsmanna, störf tækjastjórnenda, hópbifreiðastjóra, fiskvinnslufólks, starfsfólks í mötuneytum og svo framvegis. Í aðalkjarasamningnum er enginn sérkafla um störf fólks sem vinnur við að þrifa bíla.

Kaup og kjör starfsmanna í veitingahúsum þóttu svo sérstök og frábrugðin þeim sem er kveðið á um í aðalkjarasamningnum að ekki þóttu forsendur til þess að steypa samningi þeirra inn í hann. Kjarasamningur Félags starfsfólks í veitingahúsum hélt sér því sem sérstakur kjarasamningur.

Í vitnaskýrslum kom einnig fram að í kjarasamningi Dagsbrúnar hefði ætíð

verið miðað við dagvinnu og yfirvinnu. Fyrir nánar afmörkuð störf hefðu verið sérstakir kaflar um vaktavinnu, til dæmis fyrir vaktavinnu vaktmanna og öryggisvarða.

Fram kom að við stofnun Eflingar hefðu bílaleigur ekki verið eins umsvifamiklar og þær urðu tveimur áratugum síðar. Þeir sem unnu við að þrifa bíla hafi flestir hverjir unnið hjá bílaumboðum og bílasölum og hafi nánast undantekningarlaust verið félagsmenn Dagsbrúnar sem hafði þá samningsumboð til þess að semja um kaup þeirra og kjör, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kjarasamningur Dagsbrúnar við Vinnuveitendasambandið hafi, eins og áður greinir, byggst á dagvinnu og yfirvinnu. Þar hafi starfsmenn því tekið laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu en ekki unnið á vöktum. Jafnframt kom fram að samningsaðilarnir, Samtök atvinnulífsins og Efling-stéttarfélag, hefðu í síðastliðnum kjarasamningsviðræðum reynt að koma sér saman um sérstakan kafla inni í aðalkjarasamningnum sem tæki til þeirra sem þrifu bíla á bílaleigum en aðilar hefðu ekki náð saman á lokasprettinum. Vitni bar einnig að þegar rætt var um ræstingakaflann í síðastliðnum kjarasamningum hefði það aldrei borið á góma að undir hann heyrði einnig fólk sem ynni við að þrifa bíla á bílaleigum.

Að mati dómsins hefur stefnandi með framburði vitna leitt líkur að því að þeir sem unnu við að þrifa bíla hafi fyrir stofnun Eflingar-stéttarfélags verið í Verkamannafélaginu Dagsbrún. Samningamenn þess félags hafi því haft umboð til þess að semja um kaup þeirra og kjör og störf þeirra hafi fallið undir kjarasamning Dagsbrúnar og vinnuveitendasambandsins, þar sem meginvinnufyrirkomulagið var dagvinna og yfirvinna en ekki vaktavinna. Einnig er nægjanlega leitt í ljós að sá samningur varð grunnstoðin í kjarasamningi Eflingar og SA og leggur nú grunn að aðalkjarasamningi þessara samningsaðila. Samkvæmt framburði vitna hefur Efling aldrei samið sérstaklega við SA um kjör þeirra sem þrifa bíla hjá bílaleigum þótt rætt hafi verið um að bæta sérstökum kafla um störf þeirra við aðalkjarasamninginn.

Stefndi hefur ekki leitt líkur að því að þeir sem starfa við þrif á bílum, hvort heldur er hjá bílaumboðum, bílasölum eða bílaleigum, hafi verið félagsmenn í Félagi starfsfólks í veitingahúsum og að það félag hafi haft umboð til þess að semja um kaup þeirra og kjör. Dómurinn telur því að stefndi hafi ekki sýnt fram á að starf stefnanda hafi fallið undir þann kjarasamning þegar það félag sameinaðist Eflingu.

Stefndi hefur ekki fært sönnur á að eftir að Félag starfsfólks í veitingahúsum sameinaðist Eflingu hafi Efling og SA samið svo um að færa skyldi störf þeirra sem vinna við þrif á bílum undir kjarasamning starfsmanna í veitingahúsum.

Að mati dómsins hefur stefnandi með framburði vitna leitt líkur að því að starf hans falli undir aðalkjarasamning Eflingar – stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins.

Í því tilviki byggir stefndi á því að kjör stefnanda ráðist af ræstingakafla þess kjarasamnings sem er 22. kafli hans. Dómurinn telur að af orðalagi margra ákvæða

kaflans megi ráða að hann taki til húsnæðis en ekki bifreiða. Samkvæmt kaflanum er hægt að vinna ræstingastörf í tímamældri ákvæðisvinnu, eftir fermetramælingu, í tíma-  
vinnu og í vaktavinnu.

Í 5. tölulið 52. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er vaktavinna skilgreind þannig að hún sé vinna sem sé skipt niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem er mælt í dögum eða vikum.

Í þeim hluta ræstingakafla aðalkjarasamningsins sem fjallar um vaktavinnu er tekið fram í grein 22.5.1 að sé starfsmaður ráðinn til vaktavinnu skuli það koma fram í ráðningarsamningi hans.

Í vaktavinnu felst að starfsmaður vinnur eftir fyrir fram ákveðinni vinnutilhögun svo og að tímalengd vaktar á að tilgreina í sérstakri vaktaskrá, meðal annars með tilliti til upphafs og endis vaktar, sbr. 4. mgr. greinar 22.5.2. Vaktir á að skipuleggja fyrir fjórar vikur í senn og kynna skal vaktaskrá með viku fyrirvara áður en hún tekur gildi, sbr. 6. mgr. greinar 22.5.2. Starfsfólk sem er ráðið í vaktavinnu á rétt á sérstökum vetrarfrisdögum og gera skal áunnið vetrarfrí upp við starfslok, sbr. grein 22.5.7 í aðalkjarasamningi Eflingar og SA.

Í ráðningarsamningi stefnanda við stefnda kemur orðið vakt þrisvar fyrir. Tvisvar er tekið fram að starfsheiti stefnanda sé vaktstjóri (shift manager). Í grein 3.1. segir: Work shall be performed on weekdays, Monday to Friday from 8-18. Any changes to the shift shall be announced by the foreman with thirty days notice.

Þótt þarna sé orðið „shift“ notað telur dómurinn að tilgreining á vinnutíma stefnanda alla virka daga frá kl. 08:00 til 18:00 sýni að hann hafi ekki verið ráðinn til vaktavinnu heldur dagvinnu. Hann vann ekki samkvæmt vaktaskrá. Dómurinn telur því að það vinnufyrirkomulag sem hann var ráðinn til að vinna eftir uppfylli ekki skilyrði vaktavinnu, hvorki samkvæmt lögum nr. 46/1980 né þeim kjarasamningi sem gildi um starf hans.

Þar eð vinnufyrirkomulagið uppfyllti ekki skilyrði þess að teljast vaktafyrirkomulag og vegna þess að 22. kafli ber ekki með sér að varða ræstingu á öðru en húsnæði þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á að starf stefnanda heyri undir ræstingakafla aðalkjarasamnings Eflingar og SA.

Dómurinn fær ekki séð að starf stefnanda falli undir neinn sérkafla starfsgreinar. Kaup hans og kjör áttu því að fara eftir almennum reglum aðalkjarasamnings Eflingar og SA. Samkvæmt grein 2.1 í kjarasamningnum var dagvinnutímabil stefnanda frá kl. 07:55 til 17:00 mánudaga til föstudaga. Samkvæmt grein 2.2 skyldi yfirvinna hefjast þegar umsaminni dagvinnu var lokið á mánudögum til föstudögum.

Samkvæmt þessum ákvæðum kjarasamningsins og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda var óheimilt að greiða stefn-

anda fyrir þær stundir sem hann vann utan dagvinnutíma með álagi sem nam ýmist 33% eða 45%. Samkvæmt 2. mgr. greinar 1.7.1 í aðalkjarasamningi bar að greiða þær stundir með yfirvinnuálagi sem nam 80% enda sýna bæði ráðningarsamningur stefnanda og launaseðlar hans að yfirvinna var greidd með því álagi.

Stefndi byggir á því að starf stefnanda falli í 2. launaflokk. Samkvæmt ráðningarsamningi hans og launaseðlum samdi stefndi svo um að dagvinnulaun stefnanda væru hærri. Það leikur því ekki neinn vafi á um hvað var samið og því verður ekki litið svo á að hann hafi átt að taka laun samkvæmt 2. launaflokki.

Eins og stefndi bendir á var málið höfðað með birtingu stefnu 4. október 2018. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfurettinda er almennur fyrningarfrestur kröfu fjögur ár. Vangoldin laun sem voru fallin í gjalddaga fjórum árum fyrir birtingu stefnu eru því fyrnd.

Dómurinn tekur því til skoðunar fjárkröfu stefnanda sem féll í gjalddaga næstliðin fjögur ár fyrir birtingu stefnunnar.

Stefnandi segist byggja kröfu sína á þeirri meginreglu vinnuréttar að atvinnurekanda sé skylt að greiða starfsmanni sínum rétt laun fyrir alla vinnu sem hann innir af hendi.

Í upphafi reiknaði stefnandi fjárhæð sem hann taldi vangoldna út frá launaseðlum sínum. Með þeim útreikningum fékk hann til dæmis út að hann hefði unnið 100 tíma í dagvinnu í október 2014 en 170 tíma í yfirvinnu í þeim mánuði, þegar skráning samkvæmt stimpilklukku sýnir að hann hafi unnið 152 tíma í dagvinnu og 118 tíma í yfirvinnu. Í mars 2015 reiknaði stefnandi einnig út að hann hefði unnið 100 tíma í dagvinnu og 100 tíma í yfirvinnu þegar skráning samkvæmt stimpilklukku sýnir að hann vann 112 dagvinnutíma og 88 yfirvinnutíma. Hann reiknar einnig út að hann hafi unnið 118,5 dagvinnutíma og 126,25 yfirvinnutíma í júlí 2016 þegar skráning samkvæmt stimpilklukku sýnir að hann vann 152 tíma í dagvinnu og 92 tíma í yfirvinnu. Í janúar 2017 reiknar hann út að hann hafi unnið 114,5 dagvinnutíma og 85,5 yfirvinnutíma þegar skráning samkvæmt stimpilklukku sýnir að hann vann 136 dagvinnutíma og 64 yfirvinnutíma. Þegar stefnandi reiknaði út kröfu sína samkvæmt launaseðlum tók hann ekkert tillit til þess hvernig stefndi hafði reiknað launin út. Í upphafi málsins var það skiljanlegt.

Í meginatriðum er aðferð stefnda við launaútreikninginn sú að taka 18 fyrstu vinnudagana og greiða 33% álag á þær stundir sem eru unnar eftir kl. 17:00 á daginn og 45% álag á vinnustundir um helgar. Þegar 173,33 tímum hefur verið náð greiðir hann yfirvinnu fyrir allar stundir umfram 173,33, stundir hvort sem þær eru unnar á

dagvinnutíma, eftir kl. 17:00 eða um helgar.

Sé stefnandi að sækjast eftir réttum launum hlýtur hann að miða fjárkröfu sína við það hvernig hann vann í reynd. Þegar dagvinnutímar sem hann vann seinni hluta mánaðarins höfðu allir verið greiddir með yfirvinnukaupi getur hann ekki reiknað laun sín út þannig að haldi öllum stundum sem hann fékk greiddar með yfirvinnukaupi og breyti þeim vinnutímum, sem hann vann fyrri hluta mánaðarins og voru greiddir með álagi, í tíma sem ber að greiða yfirvinnulaun fyrir. Sú aðferð gefur ekki rétta mynd af launum hans enda fær hann með henni miklu fleiri yfirvinnutíma en hann vann í reynd.

Stefndi benti á það í greinargerð sinni að hann teldi fjárkröfu stefnanda rangt reiknaða út. Þegar stefndi lagði fram skráningu stefnanda til vinnu samkvæmt stimpilklukku svo og eigin útreikninga á dómþingi 9. október 2018 fékk stefnandi mjög gott tækifæri til þess að fara gaumgæfilega yfir eigin útreikninga og meta hvort fjárkrafa hans væri rétt miðað við raunverulega unnar stundir stefnanda. Þetta gerði hann því miður ekki.

Þótt það sé ekki hlutverk stefnda að reikna út fjárkröfu stefnanda lagði stefndi fram eigin útreikninga á launum stefnanda samkvæmt stimpilskráningu og þeim launum sem stefnandi fékk greidd samkvæmt launaseðlum til þess að sýna stefnanda að hann þyrfti að yfirfara útreikninga sína. Dómurinn getur því miður ekki heldur staðfest að sá útreikningur stefnda sé réttur því hann kemst meðal annars að því að stefnandi hafi unnið 198 dagvinnutíma í júní 2016 sem er fræðilega ómögulegt miðað við dagafjölda í þeim mánuði. Á útreikningum hans eru einnig fleiri hnókrar.

Þar eð hvorki er unnt að leggja útreikning stefnanda né stefnda til grundvallar við mat á því hvort fjárkrafa stefnanda sé rétt eða hvort stefndi hafi þegar greitt stefnanda fullnægjandi laun er ekki hjá því komist að vísa þessu máli frá dómi.

Að mati dómsins er það lágmarkskrafa að sá sem krefst réttra launa reikni laun sín rétt út þegar honum hafa verið afhent fullnægjandi gögn til þess. Engu að síður þykir rétt, með vísan til þessarar niðurstöðu og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að hvor málsaðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

## **D Ó M S O R Ð**

Þessu máli stefnanda, M, á hendur stefnda, A ehf., er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ingiríður Lúðvíksdóttir